



GLT – Formaður leiðtoga- og fræðslunefndar

Kjörtímabil

1 ár. Á sæti í stjórn klúbbsins sem meðstjórnandi.

Staða

Varformaður klúbbsins gegnir jafnframt hlutverki formanns leiðtoga- og fræðslunefndar (GLT) klúbbsins. Sem formaður GLT glæðir þú draum Melvin Jones lífi – að öllum þörfum verði svarað af Lions eða Leó félögum. Þú getur tryggt að klúbburinn þinn hafi á að skipa sterkum leiðtogum, sem geta þjónað samfélaginu og heiminum öllum, með því að tryggja að þeir þrói með sér hæfileika sem gera þá að áhrifaríkum leiðtogum.

Aðgerðir til árangurs

- Vinna með GAT teymi umdæmis að leiðtoga- og fræðslumálum, taka þátt í viðburðum á vegum umdæma og svæðis.
- Tryggja að nýir félagar fái góða fræðslu um starf klúbbsins, innan umdæmis, fjölumdæmis og alþjóðahreyfingar. Við það nýtur þú aðstoðar félagafulltrúa klúbbsins (GMT).
- Tryggja að núverandi og verðandi stjórnendur klúbbsins sækji fræðslu sem er í boði í umdæmi eða fjölumdæmi, eða í Lions Learning Center (LLC) þar sem í boði eru námskeið á netinu.
- Upplýsa GLT fulltrúa umdæmisins um þörfina fyrir þjálfun, koma á framfæri upplýsingum um klúbbfélaga sem eru leiðtogaefni og upplýsir um leiðtoganámskeið og -þjálfun sem félagar hafa sótt.
- Finnur leiðtogaefni og hvetur til þróunar þeirra sem framtíðarleiðtoga.
- Hvetur féлага til að sækja leiðtogaþjálfun sem er í boði innan Lions, hvort sem er í umdæmi, fjölumdæmi eða á alþjóðavettvangi (LCI).
- Mæta á svæðisfundi á svæði klúbbsins þegar tækifæri gefst.

Mælanlegur árangur

- Stjórn tók þátt í námskeiði fyrir stjórnir klúbba.
- 10% aukning þátttöku klúbbfélaga í leiðtoganámskeiðum.
- Nýir félagar taka þátt í fræðslu fyrir nýliða.

Ákjósanlegir eiginleikar

- Bera hag Lions fyrir brjósti og er tilbúin að tryggja framtíð klúbbsins.
- Er góð fyrirmynd og býður sjálfur inn nýjum félögum.
- Öflugur verkefnastjóri, góður ræðumaður og góður að útskýra.
- Fær um að nota tækni (tölvupóst, Word, MyLCI, heimasíðu LCI, samskiptaforrit eins og Zoom, Teams og samfélagsmiðla).

Skýrslugerð

- GLT félagafulltrúi gefur formanni klúbbsins skýrslu fyrir svæðisfundi.